

## Frjálssar

Frjálssíþróttakona Breiðabliks árið 2022 er: Júlía Kristín Jóhannesdóttir

Júlía er 17 ára sjöprautarkona og jafnframt einn efnilegasti spretthlaupari landsins um þessar mundir. Á árinu vann hún 8 Íslandsmeistararitla í sínum aldursflokki og bætti U18 Íslandsmetið í 60 m grindarhlaupi innanhúss og 100m grindarhlaupi utanhúss. Júlía Kristín var einn af þremur fulltrúum Íslands á Evrópumótinu U18 í Jerúsalem í sumar en það var frumraun hennar á stóra sviðinu og stóð hún sig með miklum sóma.

Frjálssíþróttakarll Breiðabliks árið 2022 er: Arnar Pétursson

Arnar er áttfaldur Íslandsmeistari í langhlaupum á götu og á braut auk þess að verða fyrstur til að vinna Reykjavíkumaraþonið og Laugavegshlaupið á sama árinu. Arnar sigraði Laugaveginna á næst besta tíma sögunnar, 4:04:52 sem var stigahæsta I.T.R.A. afrek ársins hjá Íslendingum.

## Hjólreiðar

Hjólreiðakona Breiðabliks árið 2022 er: Björg Hákonardóttir

Björg varð bæði Íslandsmeistari í cyclocross 2022 og bikarmeistari sömu grein.

Björg átti frábært ár í keppnishjólreiðum og hefur tekið sérstaklega miklum framförum að undanfögnu.

Hjólreiðakarll Breiðabliks árið 2022 er: Ingvar Ómarsson

Ingvar varð hvorki meira né minna en sexfaldur Íslandsmeistari á árinu, þ.e. í götuhjólreiðum, fjallahjólreiðum, cyclocross, maraþonhjólreiðum, tímatöku og criterium. Þá varð hann einnig bikarmeistari bæði í cyclocross og tímatöku, í öðru sæti á bikarmótinu í götuhjólreiðum og í þriðja sæti í bikarmótaröðinni í fjallahjólreiðum. Jafnframt hefur Ingvar náð frábærum árangri á erlendri grundu, sér í lagi í maraþonfjallahjólreiðum og er núna í kringum 100. sætið á heimslistanum. Ingvar fór í fjölmargar keppnisferðir erlendis þar sem hann keppti meðal annars á heimsmestaramótinu í maraþonfjallahjólreiðum og Evrópumótinu í tímatöku og götuhjólreiðum.

## Hlaupahópur

Hlaupakona Breiðabliks árið 2022 er: Lilja Dögg Stefánsdóttir

Lilja er reyndur hlaupari sem hefur sýnt miklar framfarir á árinu. Meðal helstu afreka Lilju á árinu var að ná 12. besta tímanum í kvennaflokki í Berlínarmaraþoninu þar sem hún hljóp á tímanum 3 klst, 34 mín og 36 sek. Þess ber að geta að Berlínarmaraþonið er eitt af sex stærstu maraþonum heims og á Lilja einungis eftir að hlaupa í London og Tókýó til þess að klára þessi sex stærstu maraþon.

Hlaupakarll Breiðabliks árið 2022 er: Thijs Kreukels !!!

Thijs er einn af fremstu hlaupurum landsins. Hans helstu afrek á árinu voru að klára Rotterdam maraþonið á tímanum 2 klst, 58 mín og 8 sek ásamt því að klára Laugaveginna Ultra maraþonið á tímanum 5 klst og 44 mín. Annað sem vert er að nefna er sigur í Brekkuhlaupi Breiðabliks og Útílífs og annað sæti í 5km Hjartadagshlaupinu.

## Karate

Karatekona Breiðabliks árið 2022 er: Móey María Sigþórsdóttir

Móey varð tvöfaldur Íslandsmeistari í kata á árinu ásamt því að vera fastakona í íslenska landsliðinu þar sem hún hefur fjölmörg verðlaun. Samhliða frábærri keppnisframmistöðu þá hefur Móey einnig gert flotta hluti í þjálfun, viðburðarhaldi og öðrum verkefnum tengdum karatedeild félagsins. Ber þar helst að nefna verkefnið „Stelpur í karate“ sem hefur hlotið mikið lof.

Karatekarl Breiðabliks árið 2022 er: Samúel Týr Sigþórsson

Samúel er ákaflega efnilegur karateiðkandi sem undanfarið hefur keppt bæði flokki ungmenna og flokki fullorðinna. Á árinu vann hann til fjölmargra verðlauna, meðal annars silfur í liðakeppni í kata 16-17 ára, brons ÍMU í kata 16-17 ára, brons á RIG í kata Junior, silfur í Grandprix bikarmótaröð ungmenna og brons á bikarmóti karatesambands Íslands. Ofan á það keppti Samúel fyrir hönd Íslands á Smáþjóðaleikunum og Norðurlandamótinu.

## Knattspyrna

Knattspyrnukona Breiðabliks árið 2022 er: Karitas Tómasdóttir

Karitas var valin besti leikmaður meistaraflokks kvenna á liðnu tímabili sem endaði í 3. sæti Bestu deildar kvenna og fór alla leið í bikarúrslit Mjólkurbikarsins. Karitas var einnig valin í úrvalslið Bestu deildarinnar að tímabili loknu en hún skoraði 6 mörk og lagði upp 3 í 16 leikjum. Karitas kom einnig við sögu í tveimur A-landsleikjum á árinu. Þess ber að geta að á dögnum skrifaði Karitas undir nýjan samning við Breiðablik sem er mikið fagnaðarefni fyrir félagið.

Knattspyrnukarl Breiðabliks árið 2022 er: Höskuldur Gunnlaugsson

Höskuldur er fyrirliði meistaraflokks karla sem gjörsigraði Íslandsmótið í knattspyrnu árið 2022. Höskuldur átti stórkostlegt tímabil eins og aðrir liðsfélagar hans og var hann eðlilega valinn í úrvalslið deildarinnar að móti loknu. Höskuldur skoraði hvorki fleiri né færri en 6 mörk og lagði upp 10 úr hægri bakverðinum. Ásamt því að sigra Íslandsmótið þá komst liðið í þriðju umferð evrópukeppinnar sem telst mjög gott. Höskuldur spilaði einnig 6 A-landsleiki á árinu 2022 og var meðal annars fyrirliði landsliðsins gegn Suður-Kóreu í nóvember.

## Kraftlyftingar

Kraftlyftingarkona Breiðabliks árið 2022 er: Sóley Margrét Jónsdóttir

Sóley hélt áfram að sanna sig sem ein allra besta kraftlyftingarkona sem Ísland hefur alið en þrátt fyrir að vera ennþá gjaldgeng í flokki unglunga þá keppir Sóley að mestu í opnum aldursflokki. Sóley náði stórkostlegum árangir á árinu og ber þar helst að nefna silfur í +84 kg flokki á Evrópumeistaramótinu í Tékklandi og einnig silfur í sama flokki á Heimsmeistaramótinu í Danmörku.

Í Tékklandi vann Sóley gull í hnébeygju, brons í bekkpressu, silfur í réttstöðulyftu og lenti í 11. sæti þvert á alla aldursflokka. Á sama móti bætti Sóley eigið Norðurlandamet U23 í hnébeygju með 280 kg sem er jafnframt jöfnun á Norðurlandametinu í opnum aldursflokki og aðeins 10 kg frá heimsmeti

U23. Hún bætti svo Norðurlandamet U23 í samanlögðum árangri með 675 kg en það var einnig bæting á hennar eigin Íslandsmeti í opnum flokki.

Í Danmörku vann Sóley gull í hnébeygju með 275 kg og brons í bekkpressu með 190 kg sem var jafnframt bæting á hennar eigin Norðurlandameti U23 og Íslandsmeti í opnum flokki.

Kraftlyftingarkarl Breiðabliks árið 2022 er: Alexander Örn Kárason

Alexander varð á árinu 2022 bikarmeistari í klassískum kraftlyftingum, bæði á stigum og í 93 kg flokki. Á því móti bætti hann íslandsmetið í klassískri hnébeygju í þriðja sinn á árinu með 275 kg. Á sama móti bætti hann einnig íslandsmetið í réttstöðulyftu með 300,5 kg og íslandsmetið í samanlögðum árangri með 768 kg.

Alexander tók þátt einnig þátt á heimsmeistaramótinu í Suður-Afríku og landaði þar 17.sæti ásamt því að vinna brons á Reykjavík International Games og varð svo fyrstur íslenskra karla til að ná yfir 100 GL-stig.

## Körfubolti

Körfuknattleikskona Breiðabliks árið 2022 er: Þórdís Jóna Kristjánsdóttir

Þórdís Jóna hefur verið lykilmáður meistaraflokks kvenna undanfarin 5 ár.

Þórdís Jóna er gríðarlega öflugur varnarmaður og sér oftast en ekki um að dekkja bestu leikmenn andstæðinganna. Þórdís Jóna er með 5 stig og 4 fráköst að meðaltali í leik á þessu tímabili og á síðasta tímabili var hún með 11 stig og 4 fráköst að meðaltali.

Körfuknattleikskarl Breiðabliks árið 2022 er: Everage Lee Richardsson

Everaga er lykilmáður í meistaraflokki karla sem hefur verið á hraðri uppleið undanfarna mánuði og eru sem stendur í toppbaráttu efstu deildarinnar.

Á síðasta tímabili var Everage með 25,5 stig, 7,3 fráköst og 6 stoðsendingar að meðaltali í leik sem gera 29,2 framlagsstig að meðaltali. Það gerði hann að bæði stigahæsta og framlagshæsta leikmanni Subway deildarinnar.

## Rafíþróttir

Rafíþróttakarl Breiðabliks árið 2022 er: Emil Valdimarsson

Emil varð Íslands- og deildarmeistari í Rocket League vorið 2022 og er það í fjórða skipti sem hann hreppir þá titla. Í sumar samdi Emil við fyrsta Rocket League lið Breiðabliks en þess ber að geta að Rafíþróttadeild Breiðabliks hóf starfsemi haustið 2021. Í haust hafnaði lið Breiðabliks svo í öðru sæti íslandsmótsins eftir ævispennandi úrslitaleik. Emil keppir einnig fyrir lið í Bretlandi og komst þar alla leið í fjögurra liða úrslit. Emil er ótvírætt besti Rocket League leikmaður landsins en engin annar hefur komist á Topp 100 lista í heiminum eins og hann.

## Skák

Skákkarl Breiðabliks árið 2022 er: Vignir Vatnar Stefánsson

Vignir varð alþjóðlegur meistari í skák síðla árs 2021 og í kjölfarið á því vann hann tvo áfanga að stórmeistaratitli á árinu 2022 og vantar þá einungis einn áfanga til þess að verða útnefndur stórmeistari. Vignir keppti yfir 100 kappskákir á árinu, bæði innanlands og erlendis. Hann varð svo Norðurlandameistari í sínum aldursflokki, vann brons á Íslandsmótinu og lenti í 30.sæti á heimsmeistaramótinu í U20. Ofan á þetta allt saman þá náði hann að komast yfir 2500 ELO stig.

## Skíði

Skíðakarl Breiðabliks árið 2022 er: Björn Davíðsson

Björn var bikarmeistari SKÍ í flokki 18-20 ára með 780 stig af 1000 mögulegum. Sá titill samanstóð af sjö gullum og einu silfri. Hann varð einnig bikarmeistari fullorðinna með 676stig af 1000 mögulegum og samanstóð sá titill af fimm gullum, einu silfri og einu bronsi.

Björn gerði svo einnig flotta hluti á erlendri grundu þar sem hann keppti meðal annars fyrir Íslands hönd á Junior World Ski Championship í Kanada og á European Youth Olympic Festival í Finnlandi ásamt nokkrum FIS mótum víðsvegar um Evrópu.

## Sund

Sundkona Breiðabliks árið 2022 er: Freyja Birkisdóttir

Freyja varð margfaldur Íslandsmeistari á árinu, bæði í 25m laug og 50m laug. Hún vann til samtals sjö gullverðlauna og var krýnd stigahæsta kona íslandsmeistaramótsins í 25m laug.

Freyja náði einnig frábærum árangri á Norðurlandamótinu og vann þar meðal annars brons í 800m skriðsundi ásamt því að hreppa fjórða sætið í 200 og 400m skriðsundi.

Freyja bætti svo nokkur met á árinu og má þar helst nefna íslandsmet unglunga í 800 og 1500m skriðsundi. Einnig var hún í boðsundssveit Breiðabliks sem sló íslandsmet unglunga í 4x100m skriðsundi.

Í lokin má nefna að Freyja er fastakona í A-landsliði okkar Íslendinga og fór til að mynda með þeim á Evrópumeistaramót unglunga í Rúmeníu þar sem hún hafnaði í sextánda sæti í 1500m skriðsundi ásamt því að hún náði átjándu sæti í 800m skriðsundi á WorldCup í Þýskalandi.

Sundkarl Breiðabliks árið 2022 er: Guðmundur Karl Karlsson

Guðmundur varð Íslandsmeistari í 200m skriðsundi á Íslandsmeistaramótinu í 50m laug. Hann vann einnig til silfur og bronsverðlauna í öðrum greinum. Guðmundur vann einnig til verðlauna á Íslandsmeistaramótinu í 25m laug og náði lágmarkum inn á Norðurlandameistaramótið sem haldið var núna í desember. Þar stóð hann sig með stakri þrýði og bætti sig í flestum greinum.

## Þríþraut

Þríþrautarkona Breiðabliks árið 2022 er: Guðlaug Edda Hannesdóttir

Guðlaug kom heldur betur sterkt til baka á árinu eftir erfið meiðsli og vann sig fljótt aftur í hóp fremstu þríþrautarkvenna landsins. Hún keppti níu sinnum á heimsbikarmótaröðinni World Triathlon og klifrar hratt upp ólympíulágmarkslistann fyrir París 2024.

Þríþrautarkarl Breiðabliks árið 2022 er: Sigurður Örn Ragnarsson

Sigurður hefur verið allra besta þríþrautarmaður Íslands síðustu 5 árin. Hann hefur unnið öll bikarmót þríþrautarsambandsins og einnig hampað íslandsmeistaratitlinum öll þessi ár.

Sigurður varð svo fyrstur Íslendinga til að vinna Ironman keppni á erlendri grundu þegar hann sigraði heilan járnkarl í Barcelona í byrjun október.

Stórkostlegur árangur sem tryggir honum þátttökurétt á heimsmeistaramótinu í Ironman 2023.

## Deildarbikar

Deildarbikar Breiðabliks árið 2022 hlýtur Þríþrautardeildin.

Upphaflega voru það 3 félagar sem stofnuðu Þríkó árið 2011. Þríkó varð síðan sér deild undir Breiðablik árið 2018. Uppgangur deildarinnar undanfarin ár hefur verið mikill og er það ekki síst að þakka öllum þeim sjálfboðaliðum deildarinnar sem hafa lagt dag og nótt við að halda úti jafn öflugum starfi og raun ber vitni.

Á þessum tíma hefur árangurinn ekki látið á sér standa og hafa fjölmargir titlar komið í hús.

Starfið í deildinni er mjög blómlegt en flestir iðkendur deildarinnar eru „eldri iðkendur“ eða réttara sagt yfir tvítugu sem oftast en ekki er erfiðasti hópurinn til að fá inn og halda ánægðum í íþróttastarfi.

Ofan á það þá hefur rekstur deildarinnar alltaf verið „réttu megin við núllið“ undanfarin ár eða frá stofnun hennar og gerum við ekki ráð fyrir öðru fyrir árið 2022 þó svo að lokauppgjör liggi ekki endanlega fyrir.

Þríþrautardeildin er verðugur handhafi Deildarbikar Breiðabliks.

## Þjálfarabikar

Þjálfarabikar Breiðabliks árið 2022 hlýtur Arna Þórey Sveinbjörnsdóttir úr sunddeild Breiðabliks

Arna hefur verið yfirþjálfari sunddeildar Breiðabliks frá árinu 2010 við frábæran orðstír. Á þessum tíma hefur Örn tekist, ásamt auðvitað öllu hennar samstarfsfólki, að breyta sunddeild Breiðabliks úr meðalliði í 2. Deild í eitt af þremur fremstu sunddeildum landsins. Ofan á öll þau verðlaun sem deildin hefur unnið undanfarið ár þá fannst mér perónulega eftirtektaverðast að við skulum eiga næst flesta fulltrúa í Framtíðarhópi sem Sundsamband Íslands setti saman í lok síðasta árs.

Arna sjálf er fyrrum afrekskona í sundi og hefur því einnig mikla reynslu sem iðkandi sem er virkilega verðmætt í starfi þjálfara. Ásamt því að þjálfra hjá Breiðablik þá hefur hún einnig verið yfirþjálfari hjá Sundsambandinu og verkefnastjóri við uppbyggingu landsliða í sunda.

Utan laugarinnar lætur Arna ekki heldur sitt eftir liggja en hún hefur setið í hinum ýmsu nefndum og stjórnnum.

Arna augljóslega brennur fyrir fagið og Breiðablik er virkilega heppið að njóta krafta hennar. Arna er verðugur handhafi Þjálfarabikar Breiðabliks.

#### Afreksbikar Breiðabliks

Afreksbikar Breiðabliks árið 2022 hlýtur meistaraflokkur karla í knattspyrnu.

Meistaraflokkur karla urðu Íslandsmeistarar í knattspyrnu árið 2023. Liðið sigraði deildarkeppnina ásamt nýrri úrslitakeppni með 63 stig, 10 stigum á undan næsta liði og voru þeir í efsta sæti deildarinnar allt sumarið.

Liðið bætti um leið stigamet félagsins í 12 liða deild og setti jafnframt nýtt markamet í Íslandsmótinu. Samhliða innlendri keppni þá tók liðið einnig þátt í Evrópukeppninni þar sem að fyrstu tvær umferðirnar unnust áður en að ofjörlum var mætt í þeirri þriðju.

Liðið þótti ekki einungis besta lið landsins stigalega séð heldur spilaði það afar skemmtilegan fótbolta sem gladdi stuðningsmenn og aðra knattspyrnuáhugamenn.

Framganga liðsins og samheldnin innan vallar sem utan var auk þess til fyrirmyndar og eftir því tekið hvernig hópurinn tókst á við úrslitin 2021 og nýtti þá reynslu í sinni framgöngu.

Meistaraflokkur karla í knattspyrnu er verðugur handhafi Afreksbikars Breiðabliks 2023

#### Félagsmálabikar Breiðabliks

Félagsmálabikar Breiðabliks árið 2022 hlýtur Örn Örlygsson.

Örn Örlygsson fæddist í Kópavogi árið 1963 en flutti ungur að árum til Akureyrar þar sem hann ólst upp.

En Blikafræið sem sáð var í hjarta hans á þessum fyrstu árum hans í bænum okkar dugði til að drengurinn tapaði aldrei stuðningi sínum við græna félagið fyrir sunnan.

Þegar Örn flutti síðan suður sem fullorðinn maður mætti hann strax á Blikasvæðið og lét fljótlega taka til sín á félagsmálasviðinu. Til að byrja með hóf hann æfingar með eldri flokki

Breiðabliks og varð fljótlega einn af leiðtogum þess hóps. Á sama tíma hóf af afskipti af unglिंगastarfinu og fylgdi syni sínum, Adami Erni, sem umsjónarmaður þess flokks upp alla yngri flokka.

Einnig átti hann sæti í unglिंगaráði knattspyrnudeildar. Árið 2004 var hann beðinn að taka við starfi liðsstjóra meistaraflokks karla og sinni hann því starfi í næstum því 10 ár með miklum sóma.

Eins og flestir muna eftir varð meistaraflokkurinn bikarmeistari árið 2009 og Íslandsmeistari árið 2010 og var Örn óþreytandi í sinna þessu sjálfboðaliði starfi þannig að eftir var tekið.

Eftir að því starfi lauk tók hann sæti í stjórn Blikaklúbbsins og varð formaður klúbbsins árið 2018 og hefur sinnt því síðan.

Örn tekur einnig virkan þátt í starfi Getraunaklúbbs knattspyrnudeildarinnar, Dúddana, á laugardagsmorgnum. Þar að auki mætir hann á flesta leiki meistaraflokka bæði karla og kvenna og hefur sterka skoðun á starfsemi félagsins.

Örn Örlygsson er því verðugur handhafi Félagsmálabikars Breiðabliks!